



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags: 29.05.2023

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknanámi.**

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) tekur undir framkomna tillögu um sérstaka ívilnun til dýralæknanema við endurgreiðslu námslána. Skortur er á dýralæknum á Íslandi og með aukinni áherslu á dýravelferð og aðbúnað dýra er æ mikilvægara að landið búi yfir sérfræðingum á þessu sviði. Það er hins vegar mikilvægt að útfært verði nákvæmlega hvaða skilyrði dýralæknanemarnir þurfi að uppfylla til að fá ívilnunina og á hvaða tímabili þau þurfi að útskrifast til að geta gengið að henni vísri.

Dýralæknar njóta nokkurrar sérstöðu hvað það varðar að menntun þeirra er aðeins í boði erlendis og skólagjöldin eru gjarnan mjög há. Margir dýralæknanemar þurfa að nýta sé hámarks skólagjaldalán sem oft duga ekki til fyrir heildar upphæð skólagjalda. Þetta eitt og sér skapar ákveðið ójafnræði, en flestar aðrar fagstéttir geta gengið að því vísu að getað menntað sig á Íslandi án skólagjalda. SÍNE vill því koma því á framfæri við nefndina fyrir hönd íslenskra dýralæknanema, sem eru öll skjólstæðingar SÍNE, að löngu tímabært sé að Ísland bjóði upp á nám í dýralækningum. Það er jafnréttismál að sem flestar greinar séu í boði á Íslandi enda hentar það alls ekki öllum að sækja langskólanám (í þessu tilfelli 6 ár) erlendis. Það væri í samræmi við matvælastefnu ríkisstjórnarinnar, sem leggur áherslu á sjálfbært Ísland, að stjórnvöld sæju til þess að Ísland menntaði eigin dýralækna til viðbótar við þann fjölda sem fer erlendis.

Óháð efni þessarar þingsályktunar hvetur SÍNE allsherjar- og menntamálanefnd til að móta heildstæðari stefnumótun um ívilnunarákvæðið laga um Menntasjóðs í samráði við ráðherra háskólamála. Á þeim þremur árum sem núverandi lög hafa verið í gildi hefur ákvæðinu aldrei verið beitt, en reglulega er vakin upp sú umræða að það megi nýta í þágu samfélagslega mikilvægra hópa (t.d., lækna, hjúkrunarfræðinga, kennara, og nú dýralækna). SÍNE telur ótækt að ívilnunarákvæðið dagi uppi sem dauður lagabókstafur og hvetur nefndina til að leggja heildstætt yfir málið.

Fyrir hönd Sambands íslenskra námsmanna erlendis,  
Bjarki Þór Grönfeldt  
Forseti SÍNE